

stórkaupmaður í Kaupmannahöfn, stefnu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, 40 — fjörutíu — krónur, er lúkist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 67/1910:

G. E. J. Guðmundsson  
 gegn  
 hreppsnefnd Stykkishólmshrepps.

D ó m u r:

Áfryjandinn Guðmundur E. J. Guðmundsson bryggju-smiður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Snæfellsness og Hnappadalssýslu gegn stefnu, hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, til greiðslu eftirstöðva af borgun fyrir smíði á hafskipabryggju í Stykkishólmi, er hann taldi sig eiga hjá hreppnum, 5875 kr., og til lúkningar skaðabóta að upphæð 3500 kr. Jafnframt höfðu stefnu gagnsök gegn áfryjandanum og kröfðust skaðabóta af honum fyrir sammingsrof, 2000 krónur. Var mál þetta dæmt í nefndum rétti 13. júní f. á. með þeim úrslitum, að málsaðilar voru dæmdir sýknir hvor af annars kröfum og málskostnaður látinn falla niður.

Nefndum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 18. nóv. f. á., og hefir hann eins og fyrir gestaréttinum krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér samtals 9375 krónur ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti bæði í aðalsök og gagnsök, að

öðru leyti hefir hann krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hinir stefndu hafa af sinni hálfu krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur að öllu leyti og að áfryjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Með samningi, undirrituðum af málsaðilum 9. og 10. des. 1907, tókst áfryjandi á hendur að byggja hafskipabryggju í Stykkishólmi fyrir stefndu og leggja alt til bryggjunnar, efni og smíði, en hinir stefndu áttu að greiða fyrir verkið 38000 krónur, síðustu 8000 krónurnar þá er úttekt á mannvirkinu hefði farið fram.

29. apríl 1908 undirrituðu málsaðilar annan samning, þar sem áfryjandi skuldbatt sig, í breytingar- og viðaukaskyni við hinn fyrri samning 9. des. 1907, til ýmsra breytinga á brúargerðinni, og loks urðu þeir 20. ágúst 1908 sammála um að breytt skyldi stefnu bryggjunnar og um nokkrar aðrar breytingar á henni.

Bryggjan var ekki fullbúin fyr en sumarið 1909 og var hún tekin út af verkfræðing 20. júlí 1909, sem áleit bryggjusmíðina í ýmsum atriðum ekki vera í samræmi við samningana, en að öðru leyti taldi verkið viðunanlega og samvizkusamlega af hendi leyst og að bryggjan væri yfirleitt fremur traustleg og gæti komið að tilætluðum notum.

Stefndu greiddu áfryjanda eftir þetta það sem eftir stóð af hinni umsömdu borgun fyrir bryggjusmíðið 38000 krónunum, og að auki 3511 kr. 58 a. En áfryjandi telur sig enn eiga hjá stefndu 5875 kr. til þess að breytingar þær á bryggjunni séu fullborgaðar, sem hann gjörði á henni eftir síðari ákvæðunum um gerð bryggjunnar, samningunum 29. apríl og 20. ágúst 1908, en til vara

krefst hann, að uppbót þessi verði ákveðin með mati óvilhallra manna. En nú nefnir samningurinn 29. apríl 1908, um breytingar á brúargerðinni og viðauka við hana, ekkert um aukaborgun til áfrýjanda fyrir þau afbrigði frá upprunalega samningnum 9. og 10. des. 1907, sem í þeim eru ákveðin, en verða sem viðaukasamningar við hinn upprunalega samning að álitast staðfesta eða láta óhögguð standa þau ákvæði í honum, sem engin breyting er á gjörð í þeim eða minst á, þar á meðal ákvæðin um borgunina til áfrýjanda fyrir brúargerðina, og hefir þá áfrýjandi skuldbundið sig til að framkvæma breytingarnar án aukinnar borgunar fyrir verkið. Það, að stefndu greiddu áfrýjanda fyrnefnda upphæð kr. 3511,58 fram yfir borgun þá, er hinn upprunalegi samningur til tók, verður eigi, eins og áfrýjandi heldur fram, skilið svo, að stefndu hafi með því viðurkennt skyldu sína að greiða áfrýjanda borgun fyrir breytingarnar, og þeim verður því síður lögð slík skylda á herðar, gegn mótmælum þeirra, sem það virðist upplýst í málinu, að áfrýjandi hefir ekki fullnægt svo sem skyldi hvorki hinum upprunalega samningi né skuldbindingum sínum samkvæmt viðaukasamningunum. Krafa áfrýjanda um frekari borgun fyrir bryggjugerðina verður því ekki tekin til greina.

Skaðabótakröfu sína rökstyður áfrýjandi með því, að stefndu hafi sagt sér rangt til um það, er hann tók að sér bryggjusiðið, að nægur sandur væri til í hana þar í grendinni, en er þetta eigi reyndist rétt, hafi það bakað honum mikinn aukakostnað, að verða að flytja sand langt að til bryggjunnar. Stefndu hafa neitað því að hafa full-yrnt nokkuð við áfrýjanda eða sagt í þessu efni, en telja auk þess rangt, að áfrýjandi hefði eigi getað fengið næg-

an sand í nánd við bryggjuna. Með því að áfrýjandi hefir engar sönnur fært á mál sitt um þessi atriði gegn téðri neitun stefndu, þá verður hér um ræddri kröfu hans heldur eigi sint.

Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu gestaréttardómsins, bæði að því er aðalefni hans snertir, og málskostnaðarákvæði hans, og ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málskostnað þykir rétt að áfrýjandi greiði stefndu 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandiinn Guðmundur E. J. Guðmundsson greiði stefndu, hreppsnefnd Stykkishólshrepps, í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkest innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 21. dag ágústmán.

Nr. 28/1911:

Pétur Jónsson

gegn

Sæmundi Halldórssyni og  
Jóhannesi V. H. Sveinssyni.

D ó m u r :

Áfrýjunarstefna í máli þessu, dags. 12. júní þ. á. var lögð fram í yfirdóminum ákveðinn dag 7. þ. m., og